# Ársskýrsla 2021 - 2022

## Ungir umhverfissinnar

kt. 5104130240
Rafstöðvarvegi 7-9
110 Reykjavík

# Efnisyfirlit

**1. Starfsárið 2021-2022** **3**
Inngangur frá formanni 3
Stjórn Ungra umhverfissinna 2021-2022 4
Landshluta- og málefnanefndir 5
Meðstjórnendur nefnda 5
Þróun fjölda meðlima og fylgjenda á samfélagsmiðlum 5
Vefsíða 6
Starfsfólk 7
Þróun rekstrartekna 7
Fjárhagslegar skuldbindingar 8

**2. Starfsemi Ungra umhverfissinna 2021-2022** **9**
Starfsemi málefnanefnda 9
Kynningar- og fræðslunefnd 9
Hringrásarhagkerfisnefnd 10
Náttúruverndarnefnd 11
Loftslagsnefnd 12
Landsfundir 14
Landsfundur um náttúruvernd 14
Landsfundur um kynningar- og fræðslumál 15
Viðburðir 16
Viðburðir og fundir á vegum UU 2021-2022: 16
Þátttaka og/eða framkoma f.h. UU á opinberum vettvangi: 17
Framhaldsskólakynningar 19
Önnur verkefni 20
Sólin 20
COP26 25
Loftslagsverkfallið og Upplýsingafundir Loftslagsverkfallsins 27

**3. Fjölmiðlaumfjöllun** **28**
Umfjöllun um Unga umhverfissinna 28
Almennt um félagið og verkefni á vegum félagsins 28
Sólin 29
COP26 31
Loftslagsverkfallið 32
Nefndartengt 32
Greinaskrif Ungra umhverfissinna 33

**4. Skuldbindingar fyrir starfsárið 2021-2022** **35**
Almennar skuldbindingar 35

**5. Ársreikningur** **36**

**6. Viðaukar** **37**

# 1. Starfsárið 2021-2022

## Inngangur frá formanni



Þegar ég lít yfir starfsárið er það mér nær óskiljanlegt hversu miklu við náðum að áorka á einungis 12 mánuðum. Við nánari umhugsun, kemur það mér þó ekki á óvart þar sem stjórnin var samsett af svo mögnuðu fólki sem hefur sinnt starfinu af fítonskrafti, ásamt ótal nefndarmeðstjórnendum og almennum félögum sem ekki hafa látið sitt eftir liggja. Öll þessi elja, samhugur og ástríða skilaði sér í stærsta starfsári félagsins hingað til. Við stimpluðum okkur inn í aðdraganda Alþingiskosninga með Sólinni - einkunnagjöf UU á umhverfis- og loftslagsstefnum flokkanna, tókum þátt í COP26 í Glasgow, héldum tvo landsfundi um náttúruvernd og um kynningar- og fræðslumál og stóðum að upplýsingafundum Loftslagsverkfallsins, sem voru þrír talsins. Einnig fór fram gríðarlega öflugt starf innan nefndanna við fræðslu, viðburðahald, greinaskrif og hagsmunagæslu og voru ófáar umsagnirnar frá okkur í Samráðsgátt stjórnvalda á starfsárinu. Þegar ég byrjaði í stjórn Ungra umhverfissinna, fyrir fjórum árum, grunaði mig ekki að félagið gæti vaxið svona mikið og orðið að svona málsmetandi og virkri rödd í samfélagsumræðunni og innan umhverfisgeirans. Ég er ótrúlega stolt og þakklát fyrir að hafa fengið að leiða félagið í því mikilvæga starfi sem við höfum sinnt og hlakka til að sjá Unga umhverfissinna vaxa og dafna enn frekar!

Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna 2021-2022
Ljósmyndari: Nína Kristín Guðmundsdóttir

## Stjórn Ungra umhverfissinna 2021-2022

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. apríl 2021 kl 17:30 í Hinu húsinu, Rafstöðvarvegi 7-9, 110 Reykjavík, en fundurinn fór fram gegnum fjarfundarbúnaðinn Zoom.
Á fundinum var kjörið í stjórn sem skipaði eftirfarandi:

Formaður: **Tinna Hallgrímsdóttir**
Varaformaður: **Egill Ö. Hermannsson**
Gjaldkeri: **Sigrún Perla Gísladóttir**
Ritari: **Rafn Helgason**

Loftslagsfulltrúi: **Finnur Ricart Andrason**
Hringrásarhagkerfisfulltrúi: **Alma Stefánsdóttir**
Náttúruverndarfulltrúi: **Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir**
Fræðslu- og kynningarfulltrúi: **Unnur Björnsdóttir**

—
Trúnaðarfulltrúar: **Sigríður Guðjónsdóttir og Snæi Jack**
Skoðunarmaður reikninga: **Þorgerður María Þorbjarnardóttir**



Stjórn Ungra umhverfissinna starfsárið 2021-2022. Frá vinstri: Egill Hermannson, Tinna Hallgrímsdóttir, Unnur Björnsdóttir, Alma Stefánsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Finnur Ricart Andrason og Rafn Helgason.
Ljósmyndari: Nína Kristín Guðmundsdóttir

## Landshluta- og málefnanefndir

Fjórar nýjar málanefndir hófu starfsemi undir handleiðslu kjörinna nefndarfulltrúa sem jafnframt eiga sæti í stjórn félagsins. Nánar verður fjallað um starf hverrar nefndar fyrir sig neðar í skýrslunni. Fjöldi meðlima í málefna- og landshlutanefndum er eftirfarandi:

| Málefnanefndir | Meðlimir |
|---|---|
| *Loftslagsnefnd* | 145 |
| *Kynningar- og fræðslunefnd* | 100 |
| *Hringrásarhagkerfisnefnd* | 124 |
| *Náttúruverndarnefnd* | 105 |

| Landshlutanefndir | Meðlimir |
|---|---|
| *Suðurland* | 41 |
| *Vestfirðir* | 34 |
| *Norðurland* | 26 |
| *Austurland* | 37 |

## Meðstjórnendur nefnda

Í hverri málefnanefnd sitja fjórir til sex meðstjórnendur, eftir því sem forseta nefndarinnar, í samráði við stjórn, þykir viðeigandi hverju sinni.

**Meðstjórnendur loftslagsnefndar:**
Aðalheiður Ella Ásmundsdóttir
Brynjar Bragi Einarsson
Evlalía Kolbrún Ágústsdóttir
Ísold Atla Jónasdóttir
Sveinn Ísak Kristinsson
Una Lilja Erludóttir

**Meðstjórnendur hringrásarhagkerfisnefndar:**
Anna Worthington De Matos
Atli Þór Helgason
Björk Gunnbjörnsdóttir
Hafþór Ingi Ragnarsson
Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir
Laufey Lilja Ágústsdóttir

**Meðstjórnendur náttúruverndarnefndar:**
Arnar Freyr Sigurðsson
Ástrós Eva Ársælsdóttir
Erla Diljá Sæmundardóttir
Freyr Yrkir Steinþórsson
Freyja Ragnarsdóttir Pedersen
Kristófer Orri Guðmundsson
Sólveig Sánchez

**Meðstjórnendur kynningar- og fræðslunefndar:**
Fífa Jónsdóttir
Sigvaldi Sigurðarson
Stefán Örn Snæbjörnsson
Þorvaldur Sigurbjörn Helgason
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

## Þróun fjölda meðlima og fylgjenda á samfélagsmiðlum

Fjöldi meðlima Ungra umhverfissinna hélt áfram að vaxa á starfsárinu og fjölgaði um 190 meðlimi eða um 16.1%, og stendur í 1349 félögum við lok starfsárs. Fjöldi fylgjanda á Facebook like-síðu félagsins er 4616 og fjöldi meðlima í Facebookhópi félagsins fjölgaði um 165, þ.e. úr 699 í 864. Fylgjendum á Instagram fjölgaði úr 837 í 1528 og fylgjendum á Twitter fjölgaði úr 245 í 418. UU byrjaði svo með LinkedIn síðu á þessu starfsári, og er fjöldi fylgjanda 57.

## Vefsíða

Vefsíða Ungra umhverfissinna er á léninu umhverfissinnar.is. Sú síða hefur mikið verið uppfærð á starfsárinu og er enn í þróun. Í fyrsta sinn var komið upp styrktarsíðu sem er enn í þróun. Á vefsíðuna var einnig komið upplýsingum um stjórnarmeðlimi, síðu til að hafa samband, síðu fyrir Landsfundina o.fl. Vefhönnuður vann í vefsíðunni í 50% starfi í sex mánuði og vann þar gott verk. Samningur var gerður við Miðlun ehf. um frekari fjáröflun. Enn vantar upp á að bæta enska útgáfu síðunnar, en sjálfvirk þýðing er ekki nógu góð og hana er hægt að laga inni í stýrkerfi Wix.




Nýtt lén var keypt fyrir verkefnið Sólin: [www.solin2021.is](http://www.solin2021.is) . Þar voru upplýsingar og niðurstöður Sólarverkefnisins birtar. Síðan mun mögulega verða uppfærð/kláruð þegar farið verður í vinnu verkefnisins *Sólin og svo kom Tunglið* sem nýverið fékkst styrkur fyrir.



## Starfsfólk

Ný reynsla varð til við ráðningu nokkra starfsmenn á starfsárinu. Í samstarfi við Vinnumálastofnun réði félagið miðlara, verkefnastjóra, vefhönnuð og grafískan hönnuð. Einnig réði félagið þrjá starfkraftasmenn við gerð matskvarða SólarinnarSólarkvarðans vorið 2021 fram á sumar. Formaður félagsins fékk einnig kaup fyrir heilt ár í fyrsta sinn samkvæmt nýjum lögum samþykktum á aðalfundi 2021, um er að ræða stöðu sem jafngildir 20% vinnu. Ráðnir voru verktakar til ýmissa starfa, t.a.m. fyrirlestrar og erindi, grafísk hönnun og forritun fyrir Sólina. grafískrar hönnunar, viðburðastjórnunar og vefhönfnunar.

## Þróun rekstrartekna

Rekstrartekjur félagsins jukust stórlega á starfsárinu sem leið. Rekstrartekjur félagsins samanstanda af styrkjum og frjálsum framlögum. Þar á stærstan hlut átakið ,,Hefjum störf" hjá Vinnumálastofnun sem styrkti félagið um þrjá starfsmenn í nokkra mánuði yfir tímabilið. Ef dregin eru frá laun og launatengd gjöld sést þó að burtséð frá starfsmannastyrknum voru tekjur félagsins 5.057.182 kr. Seinna grafið hér að neðan gefur því eðlilegri samanburð við síðustu ár þó að sjálfsögðu beri að fagna fengnum styrk frá Vinnumálastofnun sem er vel merki um vöxt og grósku félagsins.




Þróun rekstartekna frá stofnun félagsins. Tekjur hafa aukist jafnt og þétt en sjá má áhrif heimsfaraldurs á 8.starfsár. Skýring svo gríðarlegrara aukningar á 9.starfsári liggur í viðspyrnuaðgerðum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.




Þróun rekstrartekna í takt við vöxt félagsins frá stofnun þess. Grafið sýnir 9. starfsár að frádregnum launastyrkjum Vinnumálastofnunar í kjölfar heimsfaraldurs.

## Fjárhagslegar skuldbindingar

Styrkur frá Erasmus+ fyrir Landsfund um náttúruvernd

Styrkur frá Erasmus+ fyrir Landsfundi Ungra umhverfissinna

Styrkur úr Loftslagssjóði fyrir Upplýsingapakka um loftslagið

# 2. Starfsemi Ungra umhverfissinna 2021-2022

## Starfsemi málefnanefnda

Málefnanefndir Ungra umhverfissinna vinna í þeim málefnum sem lög Ungra umhverfissinna segja til um. Í hverri nefnd er einn forseti sem er fulltrúi hennar í stjórn. Einnig skipar forsetinn fjóra til sex meðstjórnendur í nefndina. Þann 28. apríl 2021 var auglýst í stöðu meðstjórnenda og bárust okkur 30 umsóknir; þar af voru 12 umsóknir Í kynningar- og fræðslunefnd, 15 í Náttúruverndarnefnd, 16 í Hringrásarhagkerfisnefnd og 11 í Loftslagsnefnd. Forsetar hverrar nefndar og varaformaður UU, fóru í gegnum umsagnir og forsetarnir völdu meðstjórnendur.

Hlutverk meðstjórnenda reyndist mjög mikilvægt í öllum nefndum til að halda starfsemi nefndanna virkri og til að leysa af stjórnarmeðlimi þegar á reyndi. Hins vegar var yfirleitt ekki mikið af almennum félögum á nefndarfundum.

Um var að ræða fyrsta starfsár allra nefnda og þurfti hver nefnd að finna sinn takt og móta sitt hlutverk þar sem einnig er vert að nefna að heimsfaraldur setti sitt mark á starfið og enn t.d. beðið eftir hittingi allra virkra félaga, stjórnar og nefnda!

### Kynningar- og fræðslunefnd

Kynningar- og fræðslunefnd sér um samfélagsmiðla félagsins ásamt því að hafa yfirumsjón með fræðslustarfi svo sem skólakynningum, erindum og viðburðumá vegum félagsins. Nefndin vinnur náið með stjórn og öðrum nefndum. Þetta starfsár var sérstaklega viðburðaríkt, viðburðir stað og fjar, og mörg stór og minni verkefni sem nefndin fylgdi eftir.

Starfsárið 2021-2022 voru haldnir 11  nefndarfundir ásamt fleirum óformlegum vinnufundum tengt einstökum verkefnum. Nefndafundir voru haldnir mánaðarlega, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 19:30-21:00 og voru þeir ávalt bæði rafrænir og á stað. Nefndin notaði Hitt húsið mikið fyrir staðfundi.

*Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru eftirfarandi:*

<u>Umsagnarskrif</u>: Engin umsagnarskrif.

<u>Fundir með hagsmunaaðilum</u>:

a. Sunna Dögg Ágústsdóttir, ungmennafulltrúi Þroskahjálpar, var með erindi og samtal um aðgengismál á nefndarfundi Kynningar- og fræðslunefndar, 1. sept 2021.

<u>Viðburðir og önnur verkefni að frumkvæði nefndarinar</u>:

a. Framhaldskólakynningar (sjá nánar í kaflanum um framhaldskólakynningar)
b. Landsfundur UU í kynningar og fræðslumálum, Hitt húsið, 26. og 27. febrúar 2022.

c. X við nýju stjórnarskrá// x við umhverfið xxxx, tónleikar á Húrra í samstarfi við Stjórnarskrárfélagið og Töfrateymið. 23. september 2021, hluti af herferð Sólarinnar.
d. Instagram kynningarherferð á Handbók um hagsmunagæslu (2020)
e. Instagram kynningarherferð á verkefninu Sólin - Einkunnargjöf Ungra umhverfissinna fyrir Alþingiskosningar.
f. Skrif til breytinga: Ungt fólk hefur áhrif. Viðburður unninn í samstarfi við loftslagsnefnd. Hitt húsið, 30 maí 2021.
g. Drawdown Solutions hakkaþon. Hitt húsið 23.-25. júlí 2021.
h. Connecting Loops - í samstarfi við hringrásarhagkerfisnefnd og Munasafn Reykjavíkur. 27.-28. nóvember 2021.
i. Hittingur á Loft hostel, í aðdraganda Landsfundar UU í kynningar og fræðslumálum 25. Febrúar 2022.

<u>Þátttaka, fyrirlestrar og framkoma á vegum nefndarinnar:</u>

a. Eins dags smiðja á sumarnámskeiði í Norræna húsinu sem bar heitið: Náttúran úti & inni.
b. The recycling Myth, Stefán Örn Snæbjörnsson tók þátt í pallborðsumræðum fyrir hönd UU.

### Hringrásarhagkerfisnefnd

Nefndarstarf hringrásarhagkerfisnefndar spannar meðal annars málefni orku-, úrgangs-, fráveitu- og matvæla, og starfsemi nefndarinnar var því fjölbreytt á starfsárinu. Að mörgu leyti mótuðust áhersluatriði ársins af áhugasviði meðlima nefndarinnar og umræðum í samfélaginu. Tækifæri til úrbóta væri að kortleggja nánar málefni nefndarinnar og tryggja að starfsemi nefndarinnar nái til allra þessara mikilvægu málaflokka, sem eiga það til að fá mis mikla athygli.

Starfsárið 2021-2022 voru haldnir um 10 nefndarfundir. Einnig fóru fram fjölmargir óformlegir fundir um tiltekin málefni og/eða verkefni nefndarinnar.

*Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru eftirfarandi:*

<u>Umsagnarskrif:</u>

a. Umsögn við þingsályktunartillögu um aukið framboð og neyslu grænkerafæðis.
b. Umsögn við Grænbók um samgöngumál.
c. Umsögn við frumvarp til fjárlaga 2022 (með loftslagsnefnd).
d. Umsögn við tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar (með náttúruverndarnefnd).
e. Umsögn við áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun: bætt nýting virkjana.

f. Umsögn við fýsileikakönnun á merkingum kolefnisspors matvæla

Þátttaka, fyrirlestrar og framkoma á vegum nefndarinnar:

a. Vinnustofa Festu og verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmið 12, ábyrg neysla og framleiðsla dagana 12. og 19.október 2021. Fulltrúi UU: Laufey Lilja Ágústsdóttir.
b. Dómnefnd Bláskeljarinnar, umhverfisverðlauna Umhverfisstofnunar fyrir framúrskarandi lausnir sem stuðla að minni plastnotkun og plastúrgangi á Íslandi. Fulltrúi UU: Björk Gunnbjörnsdóttir.
c. Dómnefnd í keppni Landsverndar, Ungt umhverfisfréttafólk. Fulltrúi UU: Alma Stefánsdóttir.
d. Fundur með nemendahópi frá Svíþjóð um hringrásarmálefni. Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir sat fundinn.
e. Þátttaka á opnunarhátíð Orca, kolefnisföngunarstöðvarinnar á Hellisheiði. Alma Stefánsdóttir mætti fyrir hönd UU.
f. Fundur með fulltrúa Climeworks. Alma Stefánsdóttir og Finnur Ricart Andrason sátu reglulega fundi og verður samtalinu haldið áfram á komandi starfsári.
g. EFLU-þing um hringrásarhagkerfi. Alma Stefánsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum, ásamt vinnustofu DTU um Cataly(c)st verkefnið.

### Náttúruverndarnefnd

Nefndin er samsett úr nokkrum vinnuhópum sem tengjast málefnum náttúruverndar. Viðfangsefni nefndarinnar eru því fjölbreytt og gæti starf nefndarinnar stækkað heilmikið með góðri uppbyggingu og skipulagi. Nefndin var sérstaklega öflug í umsagnarskrifum og erindum á árinu sem leið.

Starfsárið 2021-2022 voru haldnir um 5 nefndarfundir og fleiri óformlegir fundir um einstök málefni. Stefnt var að því að halda mánaðarlega fundi með nefndinni en vegna anna voru þeir óreglulegir og færri en ætlað var.

*Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru eftirfarandi:*

Umsagnaskrif:

a. Umsögn við mál nr. 109/2021: Ræktum Ísland! - Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu Íslands.
b. Umsögn við landgræðsluáætlun 2021-2031.
c. Umsögn við drögum að landsáætlun í skógrækt.
d. Umsögn við drögum að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.
e. Umsögn við frumvarpi til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu.
f. Umsögn við tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar

Viðburðir og önnur verkefni að frumkvæði nefndarinar:

a. Skipulag landsfundar UU um náttúruvernd. Haldinn á Icelandair Natura helgina 29.-30. október 2021.
b. Stofnun vinnuhóps fyrir verndun Þjórsár.
c. Samstarf hafið með NYBN (Nordic Youth Biodiversity Network).

Þátttaka, fyrirlestrar og framkoma á vegum nefndarinnar:

a. Erindi um líffræðilegan fjölbreytileika og kröfur ungmenna til verndar þess á Fundi fólksins þann 3. september 2021. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
b. Hugvekja fyrir hönd ungs fólks á málþingi um líffræðilegan fjölbreytileika. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
c. Talað fyrir náttúrunnar hönd - erindi á viðburðaröðinni Sjálfbær samruni, samtal lista og vísinda um sjálfbærni. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.

### Loftslagsnefnd

Mikið var gert í loftslagsnefnd UU þetta starfsárið og kom hún ansi mörgu í verk. Nefndin stóð þétt að skipulagningu Loftslagsverkfallsins, sinnti umsagnarskrifum og skipulagði og hélt ýmsa viðburði auk þess að skrifa og birta greinar. Mánaðarlegir opnir nefndarfundir voru 11 talsins en einnig voru haldnir nokkrir óformlegir vinnufundir til að skipuleggja viðburði eða skrifa umsagnir.

*Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru eftirfarandi:*

Umsagnaskrif:

a. Umsögn við frumvarp um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald).
b. Umsögn við Landgræðsluáætlun 2021-2031.
c. Umsögn við drög að Landsáætlun í skógrækt 2021-2031.
d. Umsögn við Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum.
e. Umsögn við frumvarp til fjárlaga 2022.
f. Umsögn við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. Mál.
g. Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.)

Viðburðir og önnur verkefni að frumkvæði nefndarinar:

a. Loftslagsverkfallið. Líkt og á undanförnum árum sá UU um skipulagningu og framkvæmt í samstarfi við hin aðildarfélögin; SHÍ, LÍS og SÍF. Sjá nánar í kafla um Loftslagsverkfallið.
b. Skrif til breytinga: Ungt fólk hefur áhrif - í samstarfi við kynningar- og fræðslunefnd.
c. Loftslagsnámskeið unga fólksins (e. NOAH Climate Summer Camp) - í samstarfi við samtökin NOAH.

d. Landsfundur UU um loftslagsmál var skipulagður að fullu en þurfti að fresta með rétt rúmlega viku fyrirvara vegna samkomutakmarkana í tengslum við Covid-19.

<u>Þátttaka, fyrirlestrar og framkoma á vegum nefndarinnar:</u>

a. Nefndin átti í reglulegu samtali við fulltrúa ungs fólks í Loftslagsráði, Sigurð Loft Thorlacius um áherslur okkar og starfsemi ráðsins.
b. Gerð fréttatilkynninga og samfélagsmiðlaefnis, t.d. í tengslum við skýrslur IPCC og allsherjar Loftslagsverkföll.

Almennt hefur þetta fyrsta ár nýrra nefnda UU gengið með prýði en við hlökkukm til að gera enn betur. Þar spilar stórt inn í að nefndirnar hófu starfsemi á tímum heimsfaraldurs og því hafa viðburðir og fundir verið að mestu haldnir í gegnum fjarfundarbúnað, sem við hlökkum til að geta minnkað á komandi starfsárum. Fjarfundarbúnaðurinn hefur þó gefið félögum í öllum landshlutum og heimshornum tækifæri á að taka þátt sem hefur veirð afar jákvæð þróun.

Dæmi um það sem hefði mátt fara betur og það sem við munum leitast eftir að bæta á næsta starfsári er: fleiri fundir í eigin persónu, meira hópefli í byrjun starfsársins (og svo reglulega út starfsárið), setja okkur skýrari markmið í byrjun starfsársins, skýrari og reglulegri samskipti innan nefnda milli nefndarfunda, auglýsa mánaðarlegu nefndarfundi og dagskrá þeirra með meiri fyrirvara, og segja reglulegar frá störfum stjórnar til að viðhalda upplýsingaflæði og gagnsæi.

## Landsfundir

Landsfundir UU eru stefnumótunarráðstefnur sem haldnar eru 2021-2022. Á þriggja ára fresti skal, samkvæmt lögum, uppfæra stefnu félagsins. Það hefur þó verið vanrækt og stendur nú yfir stefnumótun sem stefnt er á að klára á aðalfundi 2023. Tveir landsfundir hafa verið haldnir, um náttúruvernd og kynningar- og fræðslumál. Tveir eru eftir, um loftslagsmál og hringrásarhagkerfið, og verða þeir haldnir á starfsárinnu 2022-2023.



### Landsfundur um náttúruvernd

Landsfundur Ungra umhverfissinna um náttúruvernd var haldinn 29. og 30. október 2021 á Icelandair Hotel Natura í Reykjavík. Á fundinn mættu hátt í 70 manns; ungt fólk, fyrirlesarar og stjórnmálafólk, og var þátttaka í umræðum góð.

Fundinum var skipt upp í nokkur þemu sem öll tengjast náttúruvernd. Í hverju þema var einn fyrirlestur og nokkur styttri erindi frá sérfræðingum og fræðafólki. Í lok erinda í hverju þema tóku við umræður í litlum hópum um áherslur og atriði sem skiptir ungt fólk máli varðandi efni þemans. Það sem fram kom í umræðunum var skrásett  en það mun síðan nýtast í stefnumótunarvinnu sem fer fram á næsta stjórnartímabili.

Í Viðauka III má finna þemu fundarins ásamt fyrirlestrum og erindum sem flutt voru á fundinum.








## Landsfundur um kynningar- og fræðslumál

Landsfundur Ungra umhverfissinna í kynningar og fræðslumálum var haldinn 26. og 27. febrúar 2022 í Hinu húsinu í Reykjavík. Á fundinn mættu yfir 50  manns; ungt fólk, fyrirlesarar og stjórnmálafólk, og var þátttaka í umræðum og smiðjum góð.

Fundinum var skipt upp í nokkur þemu og smiðjur sem öll tengdust miðlun og fræðslu á umhverfismálum. Á milli þemu var farið í vettvangsferðir og smiðjur. Í hverju þema voru þrjú 10 mín erindi. Í lok erinda í hverju þema tóku við spurningar og umræður í 40 mín þar sem hópstjóri leiddi umræður útfrá þremur spurningum og skrifaði hjá sér hugleiðingar hópsins. Rétt eins og í tilfelli landsfundar um náttúruvernd munu skrásettar umræður og samantekt fundar nýtast í stefnumótunarvinnu sem fer fram á næsta stjórnartímabili.

Nánar um Landsfund UU í kynningar- og fræðslumálum má finna hér







# Viðburðir

## Viðburðir og fundir á vegum UU 2021-2022:

Stærsti viðburður starfsársins var vafalaust útgáfuhóf Sólarinnar: Sólin - Einkunnagjöf Ungra umhverfissinna fyrir Alþingiskosningar - en eiinkunnaafhending fór fram í Norræna húsinu 3. september 2021. Fulltrúar frá (nær) hverjum flokki veittu einkunnum formlega afhendingu fyrir fullu húsi og fjölmiðlafári. Fjar og stað-viðburður. Nánar í kaflanum Sólin.

Fræðsludagar Ungra umhverfissinna hófu för sína á starfárinu og er vonin sú að slíkum dögum muni fjölga á komandi árum með það markmið að fræða meðlimi, styrkja tengslanet félagsins við atvinnulífið og skapa vettvang til málefnalegra umræðna. Eftirfarandi fyrirtæki og samtök voru heimsótt á árinu:

1. CarbFix (og Climeworks)
2. Carbon Recycling International (CRI)
3. Samorka (fjarfundur)
4. Carbon Iceland (fjarkynning)
5. Loftslagsskrá, ICR (fjarfundur)

Félagið stóð einnig fyrir ýmsum viðburðum fyrir félaga, sem við hlökkum til að fjölga þegar fjöldatakmörkunum linnir. Meðal viðburða á starfsárinu voru:

1. Sólin - útgáfupartí kvarðans á Loft hostel, maí 2021.
2. Bústaðarferð stjórnar, kosningavaka Alþingiskosninga 2021.
3. Litlu jól ungra umhverfissinna, Loft hostel, 9.des 2021.
4. Cop26 - Ungir umhverfissinnar segja frá, viðburður var haldin á Zoom, 30 nóvember 2021.
5. Kaffiboð/móttaka UU á Arctic Circle ráðstefnunni - tengslamyndun við ungt fólk af Norðurskautssvæðum.
6. Landsfundir UU - sjá nánar í kafla um landsfundi.

## Fundarboð þegin með þökkum:

Sem hluti af starfsemi félagsins, umsagnarskrifum og öðrum verkefnum var að lokum fundað með aðilum víðsvegar að úr samfélaginu. Þar má nefna:

1. Fundur með Sveitastjórn Voga vegna Suðurnesjalínu 2. Fulltrúar UU: Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir og Pétur Halldórsson.
2. Fundur með Bæjarráði Reykjanesbæjar vegna Suðurnesjalínu 2. Fulltrúi UU: Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
3. Fundir með starfsfólki og forstjóra Landsnets vegna Suðurnesjalínu 2. Fulltrúar UU: Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir og Pétur Halldórsson.
4. Fundur með Rio Tinto (forstjóra og upplýsingafulltrúa), almennt um starfsemina og framtíðaráform. Fulltrúar UU: Alma, Finnur, Egill, Unnur og Sæunn.

5. **Fundur með Guðlaugi Þór Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra**. Fulltrúar UU: Tinna Hallgrímsdóttir, Egill Hermannson, Unnur Björnsdóttir, Alma Stefánsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir, Sæunn Júlía  Sigurjónsdóttir, Finnur Ricart Andrason og Rafn Helgason.
6. **Fundur með Svandísi Svavarsdóttur Matvælaráðherra.** Fulltrúar UU: Tinna Hallgrímsdóttir, Egill Hermannson, Unnur Björnsdóttir, Alma Stefánsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Finnur Ricart Andrason og Rafn Helgason.
7. Fundur með varaseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands. Fundinn sátu Finnur Ricart Andrason, Tinna Hallgrímsdóttir, Alma Stefánsdóttir og Sigrún Perla Gísladóttir.
8. Fundir með öllum þingflokkum sem svöruðu boði um fund í aðdraganda Alþingiskosninga vegna Sólarinnar.

### Þátttaka og/eða framkoma f.h. UU á opinberum vettvangi:

Ungir umhverfissinnar komu fram á fjölmörgum viðburðum yfir starfsárið fyrir hönd félagsins, sem og nefnda þess. Framangreindir undirkaflar um starfsemi félagsins greina frá framkomu f.h. nefnda. Hér að neðan er tekið saman framkomu og þátttöku á vegum UU:

1. Þátttaka í pallborði. *The Nordics Special Bond to Nature - truth or myth.* Viðburður fór fram á zoom. 3. maí 2021. Sigrún Perla Gísladóttir.
https://www.instagram.com/p/COZp5vgh63y/
2. Hugvekja um líffræðilega fjölbreytni og ungt fólk. Opnunarræða á *Fundi Fólksins* í Norræna húsinu, 3. september 2021. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
3. Hugvekja við verðlaunaafhendingu Bláskeljarinnar í Veröld húsi Vigdísar 16. September 2021, stað og fjar. Sigrún Perla Gísladóttir.
4. Hugvekja á málþingi um líffræðilega fjölbreytni á Nauthól, 17. september 2021. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
5. Þátttaka í tilraunakenndu pallborði í tengslum við sýninguna Nature can't live with or without you. *Samtal lista og vísinda* í Norræna húsinu. *Troubled Talk, Nature can't live with or without you.*  Norræna húsið. 19. september 2021. Tinna Hallgrímsdóttir og Sigrún Perla Gísladóttir.
https://nordichouse.is/vidburdur/troubled-talk/
6. Þátttaka í umræðuþætti, *Silfrið.* Rúv. 19. September 2021. Tinna Hallgrímsdóttir.
https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/silfrid/30778/95gmdm
7. Youth4Climate: Driving Ambition (Ungmennaráðstefna um loftslagsbreytingar í aðdraganda COP26). Tinna og Finnur voru valin sem fulltrúar Íslands á ungmennaráðstefnu um loftslagsbreytingar og unnu með 400 ungmennum frá nær öllum löndum heims að sameiginlegum tillögum sem lagðar voru til við leiðtoga og sendinefndirnar staddar á COP26. Ráðstefna 28.-30. september 2021.
https://youth4climate.live/
8. Erindi. *Iceland and emission*. Viðburður Umhverfisstofnunar á Arctic Circle 2021. 16. október 2021. Tinna Hallgrímsdóttir og Rafn helgason.
https://www.youtube.com/watch?v=H4m-N7NOXg4
9. Erindi. Öll á sama báti - Loftslagskreppan og aðgerðir í þágu framtíðarinnar. Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafnsins. 29. október 2021. Evlalía Kolbrún Ágústsdóttir.
https://www.hi.is/vidburdir/oll_a_sama_bati_loftslagskreppan_og_adgerdir_i_thagu_framtidarinnar
10. Þátttaka á pallborði, *Og hvað svo? Málþing um listina og loftslagsmál*, viðburðurinn var hluti af Óperudögum í Hörpunni.  5.nóvember 2021. Unnur Björnsdóttir.

11. Climate Action Talk Show um þátttöku ungs fólks í loftslagsákvarðanatöku. Pallborð á COP26 - Nordic Pavillion í Glasgow, 6. nóvember 2021. Finnur Ricart Andrason. https://www.youtube.com/watch?v=H4m-N7NOXg4
12. Erindi. *The Icelandic Youth Environmentalist Association's rating for the 2021 parliamentary elections.* COP26 Nordisk Kulturkontakt (norræna húsið í helsinki). 8. Nóvember 2021. Sigrún Perla Gísladóttir og Aðalbjörg Egilsdóttir. https://www.norden.org/en/event/helsinki-solin-icelandic-environmentalists-youth-led-initiative-create-political-pressure
13. Þátttaka í pallborði. *Awareness without action is worthless — Political commitment to climate change action*. Rætt um pólitískan vilja í samhengi við loftslagsaðgerðir. Erindi á COP26 - Nordic Pavillion Glasgow, 10. nóvember 2021. Finnur Ricart Andrason. https://www.youtube.com/watch?v=Cyil6RHG-K8
14. Þátttaka í pallborði. *Lunch Briefing: The Icelandic Youth Environmentalist Association*. Rætt um loftslagsmál út frá sjónarhorni ungs fólks frá Íslandi. Pallborð á COP26 - Nordic Pavilion Glasgow, 11. Nóvember 2021. Finnur Ricart Andrason, Tinna Hallgrímsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir og Aðalbjörg Egilsdóttir. https://www.youtube.com/watch?v=ytSPG4fP9JI
15. Þáttaka á pallborði, *Er séns að vera umhverfisvæn á Degi einhleypra*, Pallborð á COP26, Zoom frá Glasgow og Helsinki. 11. nóvember 2021. Tinna Hallgrímsdóttir, Finnur Ricart Andrason, Sigrún Perla Gísladóttir og Aðalbjörg Egilsdóttir. https://nordichouse.is/vidburdur/er-sens-ad-vera-umhverfisvaen-a-degi-einhleypra-eda-adra-daga/
16. Þátttaka í pallborði. *COP26 Outcome - what did we achieve, what's next?* Rætt um árangur á COP26 út frá sjónarhorni ungs fólks frá Norðurlöndunum. Pallborð, 12. nóvember 2021, COP26 - Nordic Pavilion Glasgow. Finnur Ricart Andrason. https://www.youtube.com/watch?v=jIRKyqh-TFE
17. Þátttaka í pallborði. *Loftslagsráðstefna Festu og Reykjavíkurborgar*. Pallborð í Hörpu, 19. nóvember 2021. Rafn Helgason.
18. Erindi. *Loftslagsráðstefna Festu og Reykjavíkurborgar*. Erindi í Hörpu. 19. nóvember 2021. Egill Hermannsson.
19. Erindi og þátttaka í pallborði, *Sjálfbær samruni*, í Norræna húsinu, 19. nóvember 2021. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir.
20. Þátttaka í pallborði. Tinna Hallgrímsdóttir. *The Forgotten Voices – The Impact of Climate Change on Violence Against Women.* Hliðarviðburður fyrir CSW66 2022 á vegum UN Women Ísland og Forsætisráðuneytisins. https://www.youtube.com/watch?v=fY6jCgvhj9s
21. Erindi á viðburðinum *Loftslagsaðgerðir og markmið á nýju ári* hjá Stjórnvísi, 1.febrúar 2022. Egill Hermannsson.
22. Erindi. *Valdið til unga fólksins í 20 ár! Afmælisráðstefna grænfánans.* Viðburður á vegum Landverndar. Viðburðinum var streymt á vimeo. 4. Febrúar 2022. Tinna Hallgrímsdóttir. https://vimeo.com/664693003
23. Erindi, fundastjórnun og þátttaka á pallborði. *Connecting Loops - Confrence & Hackathon*, sameiginlegur viðburði UU og Munasafns Reykjavíkur. 27. og 28. febrúar 2022. Stefán Örn Snæbjörnsson, Atli Þór Jóhannsson og Anna Worthington De Matos.
24. Afhending viðurkenningar. *Náttúruverndarþing 2022*. Tinna afhenti Náttúruverndarann 2022, viðurkenning á vegum Landverndar. Nauthóll. 19.mars 2022. Tinna Hallgrímsdóttir.
25. Erindi. *Loftslagsþing Reykjavíkurborgar 2022*. Tinna Hallgrímsdóttir. https://samfelagsabyrgd.is/vidburdir/loftslagsfundur-festu-og-reykjavikurborgar-2/

26. Erindi. *Introducing: Young Environmentalists*. Viðburðurinn var hluti af GREEN DAYS 2022 á vegum GAIA. 27. mars 2022. Tinna Hallgrímsdóttir.
27. Þátttaka í pallborði, *Ef þú myndir ráða í einn dag hverju mundir þú breyta? - Vatnsdropinn*. Ráðstefna barna Í kópavogi í verkefninu Vatnsdropinn. Salurinn. 5.mars 2022. Unnur Björnsdóttir. https://salurinn.kopavogur.is/vidburdi/vidburdir-a-menningarhusin-forsida/vidburdur/2434/radstefna-barna-i-kopavogi-vatnsdropinn
28. Erindi og smiðja, *Ungir umhverfissinnar,* viðburður skipulagður af Borgarbókasafni í Úlfarsárdal í samvinnu við Dalskóla, 29.mars 2022. Unnur Björnsdóttir.

### Framhaldsskólakynningar

Á starfsárinu voru haldnar 13 kynningar í 8 framhaldsskólum: Flensborg, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Borgarholtskóli, Kvennaskólinn í Reykjavík, Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Vegna anna í öðrum verkefnum sinntum og flöktandi fjöldatakmarkana sinntum við aðeins beiðnum sem bárust okku, þ.e.a.s. ekki var sérstaklega haft samband við skóla og þeim boðið upp á kynningu.ý kynning var útbúin þar sem áhersla var lögð á starf félagsins og hvernig hægt sé að taka þátt í því. Í 6 af 13 kynningum voru fleiri en einn einstaklingur að kynna starf félagsins, í öllum þeim tilvikum voru fyrirlesarar bæði kven- og karlkyns. Samtals fóru 4 mismunandi einstaklingar með kynningar. Kynningar voru ýmist í smærri hópum, eins og einum 30 manna bekk, eða í stórum sal fyrir allann skólann. Í flestum tilvikum var um að ræða heimsókn í umhverfisáfanga eða t.d. Sjálfbærni-þemadaga skólanna.

## Önnur verkefni

### Sólin




Til að upplýsa almenning og veita stjórnmálaflokkum aðhald hönnuðu Ungir umhverfissinnar kvarða til að meta umhverfis- og loftslagsmál í stefnum allra stjórnmálaflokka í aðdraganda Alþingiskosninga 2021. Stigagjöfin sýndi svart á hvítu (gulu) styrkleika og veikleika í umhverfis- og loftslagsstefnum flokkanna, hvar þeir eru sammála og hvar ekki. Með kvarðanum var vonin sú að öll, ung sem aldin, tækju upplýsta ákvörðun er komið var í kjörklefann. Kvarðinn virkaði einnig sem leiðarvísir fyrir flokkana en með því að gefa hann út í maí 2021, gafst þeim svigrúm til að bæta stefnur sínar og ungu fólki tækifæri til að hafa bein áhrif. Kvarðinn er alls 100 stig og skiptist í þrjá kafla: loftslagsmál (40 stig), náttúruvernd (30 stig) og hringrásarsamfélag (30 stig).

*Límmiðar Sólarinnar máluðu bæinn gulan.* Hönnun: Olga Elliot.



Vinnuhópur Sólarinar. Frá vinstri: Aðalbjörg Egilsdóttir, Esther Jónsdóttir, Finnur Ricart andrason, Sigríður Guðjónsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir, Þorgerður María Þorbjarnardóttir, Erla Ösp Hafþórsdóttir, Tinna Hallgrímsdóttir, Olga Elliot, Sæunn júlía Sigurjónsdóttir, Egill Ö. Hermannsson, Alma Stefánsdóttir, Stefán Örn Snæbjörnsson, Fífa Jónsdóttir og Unnur Björnsdóttir.

UU réði þverfaglegt teymi ungra fræðikvenna til verksins; líffræðing, stjórnmálafræðing og sálfræðing, allar í framhaldsnámi í umhverfis- og sjálfbærnifræðum.





Aðalbjörg Egilsdóttir | Esther jónsdóttir | Sigríður Guðjónsdóttir

Þær unnu kvarðann út frá tillögum meðlima Ungra umhverfissinna í nánu samstarfi við stjórn félagsins, almenna félaga UU og óháð sérfræðinga sem gáfu álit og góð ráð. Gætt var að því að hver sá aðili sem að vinnunni kæmi væri ekki með tengsl innan stjórnmálaflokkanna og var fyllsta hlutleysis gætt við þróun kvarðans sem og við einkunnagjöfina. Öllum flokkum var boðið til fundar með félaginu, til að kynna kvarðann, gæta gagnsæis og veita aðkallandi sjónarmiðum og kröfum ungs fólks hljómgrunn. Nöfn flokka voru afmáð áður en stefna þeirra var metin og gætt að samræmi í einkunnagjöf með því að láta ólíkt matsfólk fara yfir og reikna fylgni milli svara þeirra, þ.e. áreiðanleika matsins. Eftir að hafa fengið gögn frá flokkunum voru stefnur þeirra metnar og einkunnirnar birtar á staðviðburði og í beinni útsendingu þann 3. september í Norræna húsinu. Alþingiskosningar fóru svo fram þann 25. september. Hægt er að sjá frekari upplýsingar um verkefnið á https://solin2021.is.



Forseti og fulltrúar stjórnmálaflokka taka við einkunnablaði á útgáfuhófi  Sólarinnar.




Þorgerður María Þorbjarnardóttir f.v. formaður og Tinna Hallgrímsdóttir formaður UU kynntu verkefnið og einkunnir flokkanna fyrir fullum sal og í streymi.








Mikið var lagt í framsetningu verkefnisins með vandaðri grafískri hönnun sem skilaði sér í ótrúlegum undirtektum og eftirtekt á verkefninu. Mark var á því tekið og sérstaklega haft orð á skýrri, skemmtilegri og skiljanlegri framsetningu. Ráðinn var hönnuður til verksins í júlí en frábært hefði verið að hefja það samtal enn fyrr og strax í upphafi verkefnisins þar sem hún hafði margt gott til málanna að leggja.

Límmiðar voru valdir sem prakkaraleg leið til að vekja athygli á verkefninu, og jafnframt sú ódýrasta og umhverfisvænasta. Lítill pappírssnefill sem vekur mikla athygli, og ennþá betra að ekki þurfti að borga fyrir auglýsingar með honum heldur var hægt að líma hann t.d. beint á auglýsingar flokkanna í strætóskýlum og víðar. Hönnunin var í senn prakkaraleg, aktívístaleg, fagmannleg, og lék sér við format einkunnaskjala sem við þekkjum öll úr skólagöngu.

Hönnuður: Olga Elliot.




Með einkunnaskjalinu fengu fulltrúar flokkanna bréf til útskýringar á verkefninu og hvatningar til góðra verka. Bréfið fékk einnig forseti Ísland sem handhafi ríkisstjórnarmyndunarvaldsins. Undirritað af stjórn, afhent í Norræna húsinu 3.september ‘21.




Auglýsing fyrir kynningu Sólarinnar í Helsinki. Hönnun: Olga Elliot.

## COP26

Ungir umhverfissinnar stigu sín fyrstu skref upp á stóra sviðið í loftslagsheiminum, af fullum krafti, þegar nokkrir fulltrúar okkar sóttu COP26 (aðildaríkjafund Sþ. um loftslagsmál) í Glasgow í nóvember 2021. Styrkur fékkst frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (nú Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið), Utanríkisráðuneytinu og Forsætisráðuneytinu til að senda tvo fulltrúa. Við fórum vel með þetta fjármagn og náðum með hagræðingu að senda þrjá fulltrúa. Tinna Hallgrímsdóttir, formaður, fór til Glasgow og var þar frá upphafi til enda ráðstefnunnar, Sigrún Perla Gísladóttir, gjaldkeri, fylgdi Tinnu í viku til Glasgow en slóst síðan í lið með Aðalbjörgu Egilsdóttur, félaga UU, í Helsinki þar sem haldin var hliðarviðburður samhliða COP26 á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar þar sem okkur hlotnaðist sá heiður að fá að kynna Sólina. Finnur Ricart Andrason, loftslagsfulltrúi, og Rafn Helgason, ritari, voru einnig staddir á COP26, Finnur í hlutverki Ungmennafulltrúa Íslands til Sþ. á sviði loftslagsmála og Rafn sem sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar. Mikill liðsstyrkur og samstaða var í hópnum, sem varð háværr rödd Íslands á ráðstefnunni, eins og sést á upptalningu viðtala/greina/umfjöllunar hér neðar í skýrslunni. Fulltrúarnir nýttu einnit tímann til að kynnast ungmennum frá fjarlægum og nálægum löndum, og alls kyns fólki í valda- og/eða umbótastöðum. Það var heiður að fá að vera rödd ungs fólks á ráðstefnunni en ekki síður heiður að fá að heyra sögur annarra, þá sérstaklega fólks sem finnur fyrir beinum afleiðingum loftslagsbreytinga í sínu daglega lífi. Þannig færðist samhengið úr því að vera tölur og tölfræði yfir í að þetta snýst hreinlega um líf fólks. Að ráðstefnu lokinni héldu fulltrúarnir opinn kynningarfund um ráðstefnuna, okkar upplifun og lærdóm af henni, skilning og læsi.



Fulltrúar Ungra umhverfissinna á COP26 í Glasgow. Frá vinstri: Tinna Hallgrímsdóttir, Finnur Ricart Andrason, Perla Gísladóttir og Rafn Helgason. Á myndina vantar Aðalbjörgu Egilsdóttur en hún var stödd á hliðarviðburði tengdum COP26 í Helsinki, Finnlandi.

Mikið var fjallað um þátttöku Ungra umhverfissinna á COP26 í innlendum fjölmiðlum bæði á meðan ráðstefnunni stóð og í kjölfar hennar. Okkar helstu skilaboð voru að stjórnvöld Íslands og annara landa væru ekki með fullnægjandi markmið og að þau tækju ekki nærri nógu mikið mark á ungu fólki og öðrum minnihlutahópum. Þessi einstaka upplifun var lærdómsrík og skemmtileg en á sama tíma mikil áskorun og sérstaklega mikilvægur lærdómur að vera þar saman, þ.e.a.s. að senda aldrei einhvern einn/eitt/eina út í frumskóginn sem ráðstefnan er. Nú hafa þær gleðifréttir borist að félagið hefur fengið styrk til að senda fulltrúa á COP27 í Egyptalandi sem mun fara fram í nóvember n.k. og munum við svo sannarlega halda áfram baráttunni fyrir loftslagsaðgerðum þar, með fróðleikinn frá COP26 í veganesti.

Ferðamáti: Margt var reynt og öll net úti varðandi að komast sjóleiðina til og frá ráðstefnunni án nokkurs árangurs. Spilaði þar eflaust inn í heimsfaraldurinn og þ.a.l. viljaleysi gámaskipa, kolabáta og fragtferja til að fá um borð ungan umhverfissinna. Hins vegar var notast við lestir og rútur að mjög miklu leyti til að spara losun frá flugi þar sem hægt var.

### Loftslagsverkfallið og Upplýsingafundir Loftslagsverkfallsins

Loftslagsverkfallið hélt ótrautt áfram á þessu líðandi starfsári þrátt fyrir erfiðleika í kring um samkomutakmarkanir vegna Covid-19 og á þeim tíma sem þessi skýrsla er gefin út hefur verkfallið mótmælt 164 sinnum.

Á seinni hluta ársins 2021 blés verkfallið til þriggja upplýsingafunda í ljósi stöðu loftslagsmála í heiminum og fór Tinna Hallgrímsdóttir með aðalumsjón þessa funda bæði á skipulags- og framkvæmdastigi. Okkur til halds og trausts voru þrír sérfræðingar í loftslagsmálum og sjálfbærni:

- Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar Fróða um sjálfbæra þróun við HÍ
- Halldór Björnsson, formaður Vísindanefndar um loftslagsbreytingar
- Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs

Einnig voru önnur erindi frá fjölbreyttum gestum.
Upplýsingafundirnir voru haldnir í stóra sal Norræna hússins ásamt því að vera í netstreymi.
Sjá nánar um hvern fund hér að neðan:

1. Upplýsingafundur Loftslagsverkfallsins - Röskun mannkyns á kolefnishringrás Jarðar (20. ágúst 2021)
2. Upplýsingafundur Loftslagsverkfallsins - Kolefnishlutleysi, hvert stefnum við? (4. september 2021)
3. Upplýsingafundur Loftslagsverkfallsins - Að skapa nýja framtíð (22. október 2021)

Fundirnir voru vel sóttir og vöktu athygli fjölmiðla sem og almennings.



Til viðbótar við smærri vikuleg verkföll voru skipulögð fjögur allsherjarverkföll. Þessi verkföll voru haldin á sama tíma og önnur stór verkföll á vegum Fridays for Future um allan heim og mættu yfirleitt u.þ.b. 100 mótmælendur. Reynt var að aðlaga þemu þessara stóru verkfalla að íslenskum aðstæðum sem og framvindum í loftslagsmálum á heimsvísu að hverju sinni. Til dæmis var haldið verkfall daginn fyrir Alþingiskosningar undir yfirksriftinni ,,Settu X við loftslagið!'' til að hvetja kjósendur til að kjósa með loftslagsmál í huga, og svo var haldið verkfall í tengslum við COP26 á meðan þeirri ráðstefnu stóð. Hér eru allsherjarverkföll ársins listuð:

- Allherjarverkfall: Settu X við loftslagið! - 24. ágúst 2021
- Allsherjarverkfall - 22. október 2021
- Allsherjarverkfall í tengslum við COP26 - 12. nóvember 2021
- Allsherjarverkfall - 25. mars 2022






Við vonumst til að halda enn fleiri og stærri allsherjarverkföll á komandi starfsári í samstarfi við hin aðildarfélög Loftslagsverkfallsins, og vonum við að við getum aukið sýnileika okkar og áhrif á valdhafa í þágu loftslagsins.

# 3. Fjölmiðlaumfjöllun

## Umfjöllun um Unga umhverfissinna

### Almennt um félagið og verkefni á vegum félagsins

1. Fréttablaðið, 18.maí 2021. *Ungir umhverfissinnar meta loftslagsstefnu stjórnmálaflokkanna* https://www.frettabladid.is/frettir/ungir-umhverfissinnar-meta-loftslagsstefnu-stjornmalaflokkanna/
2. Fréttablaðið, 23. júlí 2021. *Leggja baráttu gegn loftslagsbreytingum lið með hakkaþoni* https://www.frettabladid.is/frettir/leggja-barattu-gegn-loftslagsbreytingum-lid-med-hakkathoni/
3. Fréttablaðið, 6. ágúst 2021. *Umfjöllun um verkefnið: Óbyggðir Íslands.* https://www.frettabladid.is/frettir/bretar-kortleggja-islensku-viernin/

4. Kjarninn, 17. ágúst 2021. Viðtal við Tinnu Hallgrímsdóttur. *Höfum alla þekkinguna en "það eina sem vantar er viljann".*
https://kjarninn.is/skyring/hofum-alla-thekkinguna-en-thad-vantar-viljann/
5. Vísir, 9. september 2021. *Afruglarinn - Landbúnaðarstefna flokkanna rýnd.*
https://www.visir.is/g/20212153818d
6. Vísir, 10. september 2021. *Afruglarinn - Orkuskiptastefna flokkanna rýnd.*
https://www.visir.is/g/20212154164d
7. Vísir, 11. september 2021. *Afruglarinn - Hálendisstefna flokkanna rýnd.*
https://www.visir.is/g/20212154314d
8. Kjarninn, 23. september 2021. Viðtal við Tinnu Hallgrímsdóttur. *„Við skulum ekki halda að vandamálið leysist af sjálfu sér án róttækra, tafarlausra breytinga"*
https://kjarninn.is/skyring/vid-skulum-ekki-halda-ad-vandamalid-leysist-af-sjalfu-ser-an-rottaekra-tafarlausra-breytinga/
https://kjarninn.is/skyring/hofum-alla-thekkinguna-en-thad-vantar-viljann/
9. Vísir, 4. október 2021. *Vilja að ný ríkisstjórn lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum.*
https://www.visir.is/g/20212165194d/vilja-ad-ny-rikis-stjorn-lysi-yfir-neydar-a-standi-i-lofts-lags-malum
10. Fréttablaðið, 14. október 2021. *Við höfum bara örfá ár til stefnu*
*https://www.frettabladid.is/lifid/vid-hofum-bara-orfa-ar-til-stefnu/*
11. Landinn á RÚV, 24. október 2021.*Umfjöllun um verkefnið: Óbyggðir Íslands.*
https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/landinn/30779/95h067
12. Bloomberg, 28. nóvember 2021. *Iceland's Cabinet Raises Climate Goal as Glaciers Melt, viðtal við Tinnu Hallgrímsdóttur.*
https://www.bloomberg.com/news/articles/2021-11-28/iceland-forms-government-as-melting-glaciers-raise-climate-alarm?sref=U5rcti7Q
13. Fréttablaðið, 30. nóvember 2021. *Guðlaugur Þór boðar græna byltingu, viðtal við Tinnu Hallgrímsdóttur.*
https://www.frettabladid.is/frettir/gudlaugur-thor-bodar-graena-byltingu/
14. RÚV, Samfélagið, 30. nóvember 2021. *Tinna Hallgrímsdóttir ræðir stjórnarsáttmála og loftslagsmál*
https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5nu
15. Yfirlýsing UU um nýjan stjórnarsáttmála.
https://www.umhverfissinnar.is/post/yfirl%C3%BDsing-uu-um-n%C3%BDjan-stj%C3%B3rnars%C3%A1ttm%C3%A1la
16. Stúdentablaðið, 28. febrúar 2022. *„Við eigum öll erindi í umhverfisumræðuna": Viðtal við formann Ungra umhverfissinna, Tinnu Hallgrímsdóttur.*
https://studentabladid.is/efni/2022/2/21/vi-eigum-ll-erindi-umhverfisumruna-vital-vi-formann-ungra-umhverfissinna-tinnu-hallgrmsdttur
17. Fréttablaðið, 5. apríl 2022. *Lokaviðvörun áður en of seint verður að bregðast við.* Viðtal við Finn Ricart Andrason og Tinnu Hallgrímsdóttur.
https://www.frettabladid.is/frettir/lokavidvorun-adur-en-of-seint-verdur-ad-bregdast-vid/

## Sólin

1. Fréttablaðið, 2. september 2021. *Misgrænir flokkar í framboði*
https://www.frettabladid.is/frettir/misgraenir-flokkar-i-frambodi/
2. RÚV, kvöldfréttir, 3. september 2021. *Afhending einkunna Sólarkvarðans í Norræna húsinu.*
https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/frettir-kl-19-00/27717/95bqcm

3. Vísir, 3. September 2021. *Fjölmargir flokkar féllu á prófi Ungra umhverfissinna.* https://www.visir.is/g/20212151102d
4. Samfélagið, 3. september 2021. Tinna Hallgrímsdóttir. Viðtal. https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5m0
5. Vísir, 4. September, Katrín Sigríður J. Steingrímsdóttir, skoðanagrein. *Stjórnmálaflokkar fá falleinkunn.* https://www.visir.is/g/20212154948d/um-hugsunar-verd-ein-kunna-gjof
6. Sprengisandur, 5. september 2021. *Íslenskir flokkar lélegir í umhverfismálum*. Tinna Hallgrímsdóttir. Viðtal. https://www.visir.is/k/16f67ef3-f68d-4ed6-bfdb-2919351f51dd-1630843392070
7. Kjarninn, 7. september. *Sjálfstæðisflokkurinn fékk ekki núll stig fyrir markmið sín um að hætta að brenna olíu.* https://kjarninn.is/frettir/sjalfstaedisflokkurinn-fekk-ekki-null-stig-fyrir-markmid-sin-um-ad-haetta-ad-brenna-oliu/
8. RÚV, Silfrið, 9. september, Tinna Hallgrímsdóttir. Viðtal.
9. Fréttablaðið, 10. september 2021. *Ungir umhverfissinnar gáfu Sjálfstæðisflokknum of lága einkunn.* https://www.frettabladid.is/frettir/ungir-umhverfissinnar-gafu-sjalfstaedisflokknum-of-laga-einkunn/
10. Vísir, 10. september 2021. *Hækka Sjálfstæðisflokkinn í 21 stig og biðjast afsökunar á mistökum.* https://www.visir.is/g/20212154048d
11. Kjarninn, 10. september 2021. *Einkunn Sjálfstæðisflokksins í kvarða Ungra umhverfissinna hækkuð í 21 stig af 100.* https://kjarninn.is/frettir/einkunn-sjalfstaedisflokksins-i-kvarda-ungra-umhverfissinna-haekkud-i-21-stig-af-100/
12. Vísir, 12. september 2021, Sigþrúður Ármann, skoðanagrein. *Umhugsunarverð einkunnagjöf.* https://www.visir.is/g/20212154948d/um-hugsunar-verd-ein-kunna-gjof
13. AP News. 23. september 2021. *Climate change tops agenda as Iceland heads to elections.* Tinna Hallgrímsdóttir. Viðtal. https://apnews.com/article/climate-change-business-elections-campaigns-general-elections-0ec178c121ae89299fc172f610736013
14. Le Monde, 24. september 2021. *Les Islandais se rendent aux urnes face á une scéne pilitique éclatée.* https://www.lemonde.fr/international/article/2021/09/24/les-islandais-se-rendent-aux-urnes-face-a-une-scene-politique-eclatee_6095829_3210.html
15. Vísir, 18. október 2021, Andrés Ingi Jónsson, skoðanagrein. *Stjórnarmyndunarviðræður ganga hættulega hægt.* https://www.visir.is/g/20212170954d/stjornar-myndunar-vid-raedur-ganga-haettu-lega-haegi
16. Vísir, 1. nóvember 2021, skoðanagrein. *Framtíðin ræðst af aðgerðum, tilvísun í Sólina.* https://www.visir.is/g/20212177058d
17. RÚV, Samfélagið, 8. nóvember 2021. *Um sólina sem skein á COP26.* https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5ne/sigrun-perla-gisladottir-umhverfissinni-i-helsinki
18. Bréf til formanna ríkisstjórnarflokkanna þriggja. Afrit sent í tölvupósti til allra þingmanna 23.nóvember 2021. Sjá Viðauka II. https://www.umhverfissinnar.is/post/opi%C3%B0-br%C3%A9f-til-al%C3%BEingis?fbclid=IwAR3Ab3yI6jlWapoT0H9uVyUzFj-Nzu_bTAt-3vTRxYYxt2O_0Rst5Mn3z2w

19. Opið bréf til Alþingis. Tölvupóstur til allra þingmanna á fyrsta degi nýs þings. 23.nóvember 2021. https://www.umhverfissinnar.is/post/opi%C3%B0-br%C3%A9f-til-al%C3%BEingis?fbclid=IwAR3Ab3yI6jlWapoT0H9uVyUzFj-Nzu_bTAt-3vTRxYYxt2O_0Rst5Mn3z2w
20. Rosa-Luxemburg-Stiftung, 10. mars 2022. Eva Dögg Davíðsdóttir, skoðanagrein. .*Framing climate politics: The importance of activism and grassroots engagement in influencing Icelandic parliamentary election 2021.* https://www.rosalux.eu/en/article/2101.framing-climate-politics.html


## COP26

1. Kjarninn, 27. október 2021. *"Sé ekki hvað Ísland ætlar að koma með nýtt að borðinu".* https://kjarninn.is/skyring/se-ekki-hvad-island-aetlar-ad-koma-med-nytt-ad-bordinu/
2. Morgunblaðið, 1. nóvember 2021. *Í rauninni síðasta tækifærið okkar.* https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/11/01/i_rauninni_sidasta_taekifaerid_okkar/
3. Vísir, 1. nóvember 2021. *Sér engan sjálfstæðan metnað frá íslenskum stjórnvöldum.* https://www.visir.is/g/20212177316d
4. Fréttablaðið, 2.nóvember 2021. *Reiður yfir ræðu forsætisráðherra.* https://www.frettabladid.is/frettir/reidur-yfir-raedu-forsaetisradherra/
5. RÚV, hádegisfréttir, 3. nóvember 2021. *Ungmennafulltrúi Íslands á loftslagsráðstefnunni, Finnur Ricart Andrason.* https://www.ruv.is/utvarp/spila/frettir-kl-12-20/25243/9aksgi/ungmennafulltrui-islands-a-loftslagsradstefnunni-m
6. RÚV, 3. nóvember 2021. *Lofa 100 milljörðum dollara árlega til þróunarríkja.* https://www.ruv.is/frett/2021/11/03/lofa-100-milljordum-dollara-arlega-til-throunarrikja
7. RÚV, 3. nóvember 2021. *Sumar væntingar til loftslagsþingsins þegar brostnar.* https://www.ruv.is/frett/2021/11/03/sumar-vaentingar-til-loftslagsthingsins-thegar-brostnar
8. RÚV, 3. nóvember 2021. *Umfjöllun í hádegisfréttum um COP26, viðtal við Finn.* https://www.ruv.is/utvarp/spila/frettir-kl-12-20/25243/9aksgi/ungmennafulltrui-islands-a-loftslagsradstefnunni-m
9. Bylgjan, 8. Nóvember 2021. *Vill að Ísland sé leiðandi en ekki fylgjandi í loftslagsmálum.* https://www.visir.is/k/583765b8-5f7d-41f5-a1ea-f070baa84cd3-1636394542234
10. RÚV, 11. nóvember 2021. *Góður skriður á samningaviðræðum í Glasgow, viðtal við Finn..* https://www.ruv.is/frett/2021/11/11/godur-skridur-a-samningavidraedum-i-glasgow?term=finnur%20ricart&rtype=news&slot=2
11. Síðdegisútvarpið, 11. nóvember 2021. *Sigrún Perla Gísladóttir umhverfissinni í Helsinki.* Talar frá COP26 Nordic Hub í Helsinki. https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5ne/sigrun-perla-gisladottir-umhverfissinni-i-helsinki
12. Vísir, bein útsending frá hádegisfundi, 11. nóvember 2021. *Er séns að vera umhvefisvænn á degi einhleypra og aðra daga?* https://www.visir.is/g/20212181737d/bein-utsending-er-sens-ad-vera-umhverfisvaenn-a-degi-einhleypra-og-adra-daga-
13. Vísir, 13. nóvember 2021. *Heimsleiðtogar hafa brugðist komandi kynslóðum.* https://www.visir.is/g/20212182744d/heims-leid-togar-hafi-brugdist-komandi-kyn-slodum
14. Fréttablaðið, 13. nóvember 2021. *Mikil spenna í loftinu er dregur að lokum COP26.* https://www.frettabladid.is/frettir/mikil-spenna-i-loftinu-er-dregur-ad-lokum-cop26/

15. Fréttablaðið, 13. nóvember 2021. *Samningurinn áfangasigur: “Ekki nálægt því að takmarka hnattræna hlýnun við 1.5 gráðu”.* https://www.frettabladid.is/frettir/samningurinn-afangasigur-ekki-nalaegt-thvi-ad-takmarka-hnattraena-hlynun-vid-15-gradu/
16. Fréttablaðið, 14. nóvember 2021. *Súrsæt lok á COP26: Lítið hlustað á vísindin og ákall ungs fólks.* https://www.frettabladid.is/frettir/sursaet-lok-a-cop26-litid-hlustad-a-visindin-og-akall-ungs-folks/

## Loftslagsverkfallið

1. Vísir, 24. júní 2021. *Mótmæla á Austurvelli: Hvetja almenning til að kjósa með loftslagið og framtíð í huga.* https://www.visir.is/g/20212160688d/fjoldi-folks-a-risamotmaelum-a-austurvelli
2. Vísir , 20. ágúst 2021, bein útsending. *Upplýsingafundur Loftslagsverkfallsins.* https://www.visir.is/g/20212145478d
3. Morgunblaðið, 24. september 2021. *Við loftslagið verður ekki samið.* https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/09/24/vid_loftslagid_verdur_ekki_samid/
4. Vísir, 24. september 2021, sjónvarpsviðtal. *Rætt er við Egil um stóra verkfallið fyrir kosningar.* https://www.visir.is/k/e633fca9-1b94-4191-8f57-2606f6d6f474-1632510292360
5. RÚV, 24. september 2021, frétt. *Umfjöllun um stóra verkfallið fyrir kosningar.* https://www.ruv.is/frett/2021/09/24/hafa-krafist-loftslagsadgerda-146-sinnum
6. Vísir, 24. september 2021. *Umfjöllun um stórt verkfall í aðdraganda Alþingiskosninga.* https://www.visir.is/g/20212160688d
7. RÚV, 24. september 2021, kvöldfréttir. *Umfjöllun um stóra verkfallið fyrir kosningar.* https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/frettir-kl-19-00/27717/95bqdb/146-loftslagsmotmaelin
8. RÚV, 25. mars 2022. *Samfélagið á Rás 1 tekur viðtal við Finn Ricart Andrason um stóru loftslagsmótmælin.* https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5ge?term=finnur%20ricart%20andrason&rtype=radio&slot=1
9. Derek Terell Allen. Vísir, 24.mars 2022. *Skoðunargrein: Ungt fólk skiptir máli.* https://www.visir.is/g/20222239333d/ungt-folk-skiptir-mali

## Nefndartengt

1. Fréttablaðið, 24. júní 2021. Loftslagsnefnd. *Loftslagsaðgerðir hafa úrslitaáhrif á það hvort mannkynið muni þrífast eður ei.* https://www.frettabladid.is/frettir/loftslagsadgerdir-hafa-urslitaahrif-a-thad-hvort-mannkynid-muni-thrifast-edur-ei/
2. Fréttablaðið, 30. júní 2021. Loftslagsnefnd. *Vonin er óttanum yfirsterkari.* https://www.frettabladid.is/lifid/vonin-er-ottanum-yfirsterkari/
3. Morgunblaðið, 9. ágúst 2021. *Óbyggðir kalla.*
4. Fréttablaðið, 1. október 2021. Loftslagsnefnd. *Umfjöllun um Youth4Climate ráðstefnuna í Milanó.* https://www.frettabladid.is/frettir/ungir-adgerdasinnar-lata-til-sin-taka-a-althjodlegri-loftslagsradstefnu/
5. RÚV, síðdegisútvarpið á Rás 2, 1. október 2021. Loftslagsnefnd. *Umfjöllun um Youth4Climate ráðstefnuna, viðtal við Finn Ricart Andrason.* https://www.ruv.is/utvarp/spila/siddegisutvarpid/23825/7h2i4j?term=finnur%20ricart%20andrason&rtype=radio&slot=4

6. Vísir, 4. október 2021. Náttúruverndarnefnd. *Fella úr gildi ákvörðun Voga um að hafa leyfi fyrir Suðurnesjalínu 2.* https://visir-1.visir.is/g/20212165494d/fella-ur-gildi-a-kvordun-voga-um-ad-hafna-leyfi-fyrir-sudur-ne-sja-linu-2
7. Le Temps, 10. október 2021. *En Islande, plongée dans la plus grande usine au monde de captage de CO2.* *https://www.letemps.ch/economie/islande-plongee-plus-grande-usine-monde-captage-co2*
8. Fréttablaðið, 11. febrúar 2022. Náttúruverndarnefnd. *Umsögn UU við þingsályktunartillögu um eflingu innlendrar matvælaframleiðslu, viðbrögð.* https://www.frettabladid.is/frettir/fraleitt-ad-yta-undir-frekari-umsvif-i-loddyraraekt/

## Greinaskrif Ungra umhverfissinna

1. Finnur Ricart Andrason, 15. júní 2021. *Ósamræmi í orðum og gjörðum íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.* https://www.visir.is/g/20212122302d
2. Finnur Ricart Andrason, 7. júní 2021. *Hvað gerum við nú?* https://www.visir.is/g/20212119181d
3. Kristófer Orri Guðmundsson, 14. september 2021. *Á kostnað hvers?* https://www.visir.is/g/20212155764d
4. Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, 21. september 2021. *Við erum hluti af líffræðilegum fjölbreytileika.* https://www.visir.is/g/20212158967d/vid-erum-hluti-af-lif-fraedi-legum-fjol-breyti-leika
5. Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir, 22. september 2021. *Græn störf fyrir grænna líf?* https://www.visir.is/g/20212159546d
6. Alma Stefánsdóttir, Stefán Örn Snæbjörnsson, 23. september 2021. *Kolefnisfótspor matvæla - lausn til stuðnings sjálfbæru matvælakerfi og bættrar heilsu?* https://www.visir.is/g/20212160175d
7. Finnur Ricart Andrason, 24. september 2021. *Stöðug loftslag, undirstaða alls.* https://www.visir.is/g/20212160284d/stodugt-lofts-lag-undir-stada-alls
8. Finnur Ricart Andrason, 16. október 2021. *Mannúðlegt sjónarhorn á skýrslur IPCC.* https://www.mbl.is/greinasafn/innskraning/?redirect=%2Fgreinasafn%2Fgrein%2F1792330%2F%3Ft%3D378812618&page_name=article&grein_id=1792330
9. Esther Jónsdóttir, 15. október 2021. *Mikilvægi þess að hugsa tuttugu ár fram í tímann.* https://www.umhverfissinnar.is/post/mikilv%C3%A6gi-%C3%BEess-a%C3%B0-hugsa-tuttugu-%C3%A1r-fram-%C3%AD-t%C3%ADmann
10. Tinna Hallgrímsdóttir, 5. nóvember 2021. *Í kjölfar COP*. Grein í Fréttablaðinu.
11. Finnur Ricart Andrason og Sigrún Perla Gísladóttir. Grein í Fréttablaðinu. *Ákall til nýrrar ríkisstjórnar: Takið loftslagsvána alvarlega* https://www.frettabladid.is/skodun/akall-til-nyrrar-rikisstjornar-takid-loftslagsvana-alvarlega/
12. Tinna Hallgrímsdóttir, 1. janúar 2022. *Ævintýrið um loftslagsvánna,* Nýárspistill Rásar 2: https://www.ruv.is/frett/2022/01/03/aevintyrid-um-loftslagsvana
13. Tinna Hallgrímsdóttir, 30. desember 2021. *Loftslagsannáll 2021.* Stundin: https://stundin.is/grein/14529/loftslagsannall-2021/
14. Tinna Hallgrímsdóttir, 3. janúar 2022. *Loftslagsréttlæti á nýju ári?* Kjarninn: https://kjarninn.is/skodun/loftslagsrettlaeti-a-nyju-ari/
15. Finnur Ricart Andrason, 23. mars 2022. *Biðin er banvæn.* https://www.visir.is/g/20222238765d/bidin-er-banvaen

16. Finnur Ricart Andrason. 7. apríl 2022. Innantóm loftslagsloforð. https://www.frettabladid.is/skodun/innantom-loftslagsloford/

Myndræna samantekt á fjölmiðlaumfjöllun má finna í Viðauka IV.

# 4. Skuldbindingar fyrir starfsárið 2021-2022

## Almennar skuldbindingar

- Ungir umhverfissinnar eiga aðild að **Landssambandi ungmennafélaga (LUF)** og formaður Ungra umhverfissinna á sæti í **leiðtogaráði LUF**. Leiðtogaráðsfundir eru að jafnaði 4 sinnum á ári. Sambandsþing LUF er í byrjun árs hvers, fyrir lok febrúar, og Ungir umhverfissinnar tilnefna allt að þrjá fulltrúa. Fulltrúi Ungra umhverfissinna, *Pétur Halldórsson*, er meðstjórnandi í stjórn LUF.
- Ungir umhverfissinnar eiga aðild að **Landvernd**, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtökum Íslands.
- Ungir umhverfissinnar hafa aðkomu að **samráðsvettvangi Umhverfis- og auðlindaráðherra með félagasamtökum sem starfa á sviði umhverfisverndar**. Fundir eru tilfallandi og tryggja þarf að félagið sendi ávallt einn fulltrúa.
- Landshlutanefnd **Ungra umhverfissinna á Suðurlandi** hefur formann, *Egil Hermannsson*, og tvo meðstjórnendur, *Elsu Margréti Jónasdóttur* og *Agnesi Björg Birgisdóttur*. Stjórn og landshlutanefndir vinna saman að samþættingu starfsemi félagsins á landsvísu annars vegar og í landshlutanum hins vegar.
- Fulltrúi Ungra umhverfissinna, *Kolbrún Fríða Hrafnkelsdóttir*, er **Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar**. Hún var kjörinn á Sambandsþingi LUF 2022. Alþjóðanefnd LUF skipuleggur starf ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.
- Fulltrúi Ungra umhverfissinna, Finnur Ricart Andrason, er **Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála**. Hann var kjörinn á Fulltrúaráðsfundi LUF 2021.
- Meðlimur Ungra umhverfissinna, *Sigurður Loftur Thorlacius*, situr í **Loftslagsráði íslenskra stjórnvalda** sem fulltrúi ungs fólks samkvæmt tilnefningu Umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Fulltrúi Ungra umhverfissinna í **stýrihópi íslenskra stjórnvalda vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi** er *Hafþór Ingi Ragnarsson*, samkvæmt tilnefningu stjórnar UU 19. mars 2018.
- *Lára Kristín Thorvaldsdóttir*, er fulltrúi Ungra umhverfissinna í **ráðgjafanefnd Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir hagsmunaaðila vegna innleiðingar laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála**. Hún var tilnefnd af formanni UU í desember 2019. *Einar Sindri Ólafsson* er varafulltrúi, tilnefndur af formanni UU í janúar 2020.
- *Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir*, er fulltrúi Ungra umhverfissinna í **Hagsmunaráði Landsnets**, varafulltrúi er *Alma Stefánsdóttir*.
- *Alma Stefánsdóttir* er fulltrúi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka í **stýrihópi um framkvæmd aðgerða í úrgangsmálum**. Tilnefnd í október 2022 til í þriggja ára.
- *Kristófer Orri Guðmundsson* er fulltrúi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka í **starfshópi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (nú Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins) um raforkuöryggi og orkustefnu**.

# 5. Ársreikningur

Ársreikninginn má finna hér í heild sinni.

Efnahagsreikningurinn pr. 31.desember 2021 er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| **Eigið fé** | |
| Staða í upphafi árs 2021 | ISK 2.099.757 |
| Hagnaður (tap) starfsársins | ISK (994.446) |
| **Eigið fé samtals** | **ISK 1.105.311** |
| | |
| **Eignir** | |
| Handbært fé | ISK 1.105.311 |
| **Eignir samtals** | **ISK 1.105.311** |
| | |
| **Skuldir** | |
| Fyrirfram greiddir styrkir (a) | ISK 1.481.142 |
| **Skuldir samtals** | **ISK 1.481.142** |
| | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **ISK (375.831)** |

(a) Fyrirfram greiddir styrkir sem eftir á að skila skýrslu fyrir. Þangað til teljast þeir skuld. Að því gefnu að skýrslu sé skilað þá er staða félagsins 1.105.311 við lok ársins 2021.

# 6. Viðaukar

**Viðauki I** Send erindi á starfsárinu 2021 - 2022

**Viðauki II** Fundargerðir stjórnar á starfsárinu 2021-2022

**Viðauki III** Dagskrá og þemu landsfundar UU um náttúruverndarmál 2021

**Viðauki IV**. Myndræn samantekt á fjölmiðlaumfjöllun á starfsárinu 2021-2022